

Fréttabréf Brimvers - Æskukots

Janúar 2016

Nú er árið 2016 gengið í garð með öllum sínum áskorunum, vonum og tækifærum. Um leið og við fögnum nýju ári þá erum við þakklát fyrir góðar stundir, samvinnu og stuðning á liðnu ári. Við stefnum á að eiga góðar stundir í leik og starfi og njóta þess að vera til.

Við óskum þess að nýtt ár færi ykkur öllum gæfu og gleði.

Kærar þakkir fyrir liðið ár.

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri



Sumarfrí leikskólans 2016

Sumarfrí leikskólans verður frá og með 30. júní til og með 3. ágúst 2016.

Starfsdagar á vorönn

Leikskólinn er lokaður:

- 18. janúar, þá lokar leikskólinn kl. 12:00.
- 17., 18. og 21. mars, leikskólinn verður lokaður þrjá starfsdaga vegna námsferðar til Birmingham.
- 27. apríl, leikskólinn lokaður – Starfsdagur.

Efnisyfirlit

Sumarfrí leikskólans 2016	1
Starfsdagar á vorönn	1
Jólaball	2
Jólagluggar og læsi	2
Dagskipulag skólans	3
Starfsmenn	3
Nemendur	3
Mikilvægar dagsetningar	3
Fundargerðir umhverfisnefndar	4
Fundargerð foreldraráðs	6
Upplýsingar	6

Jólaball

Það var líf og fjör á jólaballi leikskólans sem haldið var í Barnaskólanum á Stokkseyri 17. desember sl. Þetta var í fyrsta sinn sem haldið er sameiginlegt jólaball leikskólans. Það var gaman að hafa alla saman á jólaballi og fá að njóta góðrar aðstöðu og móttöku sem okkur var boðið upp á í skólanum. Foreldrar/forráðamenn voru hvattir til að fylgja sínu barni á jólaballið og gekk það mjög vel og var þátttakan góð. Við þökkum öllum sem komu að jólaballinu kærlega fyrir okkur. Sérstakar þakkir fær Magnús skólastjóri, nemendur og starfsfólk skólans.



Jólagluggar og læsi

Í jólagluggum í Brimveri og Æskukoti voru textar með jólalögum sem tengdust þema (skreytingum) glugganna. Nemendur sungu jólalögin þegar gluggarnir voru afhjúpaðir og gátu fylgt ritmálinu eftir.



Jólaglugginn í Æskukoti



Jólaglugginn í Brimveri

Dagskipulag skólans

Breyting verður á dagskipulagi leikskólans, ákveðið hefur verið að hópstarf hefjist kl. 9:00 en ekki kl. 10:00 eins og verið hefur á flestum deildum. Deildarstjórar tilkynna nánar um þessar breytingar fyrir sínar deildir.

Starfsmenn

Halldóra Guðlaug Þorvaldsdóttir hefur hafið störf í leikskólanum og er áætlað að hún verði bæði á Brimveri og Æskukoti. Hanna Agla Ellertsdóttir sem hefur starfað í Æskukoti er farin í námsleyfi. Við bjóðum Halldóru Guðlaugu velkomna til starfa og óskum Hönnu Öglu velfarnaðar.

Nemendur

4. janúar sl. byrjuðu tveir nýir nemendur í leikskólanum báðir, fæddir í janúar 2015.

Nemendahópurinn er þá þannig að í Brimveri eru 20 nemendur og 33 nemendur eru í Æskukoti.

04.01.16	Brimver	Æskukot	Brimver-Æskukot
Fæðingarár	Nemendur	Nemendur	Samtals í árgang
2010	6	5	11
2011	3	9	12
2012	3	7	10
2013	5	6	11
2014	2	6	8
2015	1	1	2
Samtals	20	33	54

Mikilvægar dagsetningar

Janúar 2016:

- 6. janúar, þrettándinn kl. 13:30, nemendur á Merkisteini fara í heimsókn í Húsið á Eyrarbakka.
- 13. janúar, **svartur** litadagur í leikskólanum.
- 18. janúar, ½ starfsdagur, leikskólinn lokar kl. 12:00. Nemendur fá hádegismat í leikskólanum. Starfsfólk fer á námskeið í skyndihjálpi.
- 20. janúar, vasaljósadagur, nemendur fara snemma út og lýsa upp með vasaljósum. Gott að mæta með vasaljós ef það er hægt (leikskólinn á líka nokkur vasaljós sem hægt er að skiptast á með).
- 22. janúar, bóndadagur, í tilefni hans verður boðið upp á morgunkaffi og meðlæti þegar foreldrar mæta með börnin í leikskólann. Í hádeginu verður þorrablot skólans haldið inn á deildum þar sem boðið verður upp á þorramat. Þema þorrinn.
- 3. febrúar, **brúnn** litadagur í leikskólanum

Fundargerðir umhverfisnefndar

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

8. janúar 2016

4. fundur haldinn í Brimveri á Eyrarbakka

Mætt: Angelika Helena, Krístrún Birta, Þorsteinn Jón, Gabríel Þór, Daníel Örn og Hjördís Heiða kennari og verkefnastjóri.

Við rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við getum gengið vel um umhverfi okkar og einnig borið virðingu fyrir öllu og öllum.

Tókum fyrir [gátlistann](#) fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla og sköpuðust miklar umræður, börnin voru mjög dugleg að koma með hugmyndir. Við skoðuðum kassann sem rafhlöðurnar eru settar í og þokann sem plastflöskurnar, gler og áldósir eru settar í sem börnin finna úti á lóð og í gönguferðum, sem við ætlum svo að flokka og upp kom hugmynd hjá Þorsteini að sauma taupoka fyrir þetta.

Börnin voru mjög áhugasöm og komu með margar flottar hugmyndir:

- ✓ Búa til pappamassa
- ✓ Spara pappír
- ✓ Föndra úr verðlausumefni
- ✓ Nota endurvinnslutunnurnar
- ✓ Taka til
- ✓ Flokka ruslið
- ✓ Þrifa jörðina

Við skoðuðum einnig hnattlíkan sem við erum með inni á deild og sáum hvað Ísland er lítið land eiginlega bara svona punktur eins og einn sagði ☺

Það voru allir sammála um að ræða flokkun við mömmu og pabba þegar heim væri komið og hjálpa til og kenna öllum á heimilinu það sem þau væru búin að læra í leikskólanum um endurvinnslu.

Fundi slitið og allir skrifuðu nafnið sitt á fundargerðina.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður 11. janúar með nemendum í Æskukoti þar sem farið verður yfir gátlistann með þeim.

Umhverfisnefnd Brimvers - Æskukots

11. janúar 2016

5. fundur haldinn í Æskukoti á Stokkseyri.

Mætt: Anton Marel, Stefanía Vala, Hrafn, Védís Reyn, Þórdís Katla og kennarar Hjördís, Kolfinna Rún og Íris Rán.

Við rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við getum gengi vel um umhverfið okkar og einnig að bera virðingu fyrir öllu og öllum.

Við tókum fyrir [gátlistann](#) umhverfismat fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla og sköpuðust miklar umræður og voru börnin mjög dugleg að koma með hugmyndir og ræddu um það sem þau eru að gera heima og í leikskólanum.

Þau voru mjög áhugasöm að segja frá því hvað væri flokkað í leikskólanum:

- ✓••Pappír
- ✓••Plast
- ✓••Málmur
- ✓••Pappi
- ✓••Rafhlöður
- ✓••Lífrænt

Til að minnka úrgang ætla þau að:

- ✓••Gefa dýrum matinn
- ✓••Flokka rusl
- ✓••Nota bara eitt bréf

Þau voru öll sammála um að gera betur í að endurvinna með því að:

- ✓••Búa til pappamassa
- ✓••Föndra úr verðlausu efni
- ✓••Teikna báðum megin á blaðið

Fundi slitið og allir skrifuðu nafnið sitt á fundargerðina.

Næsti sameiginlegi fundur Umhverfisnefndar Brimvers og Æskukots verður 9. febrúar.

Umhverfisnefnd mun funda með matráðum í Brimveri og Æskukoti fyrir þann fund.

Fundargerð foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Brimvers - Æskukots

Fundur 26. nóvember kl. 16.00

Mættar: Sædís, Vigdís og Sigríður Birna, leikskólastjóri.

1. Síðasta fundargerð staðfest, ákveðið að setja hana inn í næsta fréttabréf.
 2. Starfsáætlun fyrir veturinn 2015-2016 samþykkt. Foreldraráð búið að hafa hana til skoðunar og umsagnar.
 3. Kynning á breyttum opnunartíma leikskóla Árborgar, þeim verður lokað kl. 16.30 í stað 17.00 frá og með 1.febrúar 2016. Þetta er liður í niðurskurði hjá sveitarfélaginu.
 4. Leikskólastjóri kynnti leiðir í hagræðingu hjá leikskólanum vegna kröfu um hagræðingu og niðurskurð hjá sveitarfélaginu.
 5. Mikil ánægja með skógarferð sem foreldrafélög leikskólans stóðu fyrir í síðustu viku.
 6. Mikil ánægja með aukið samstarf leikskólans og Barnaskólans.
- Næsti fundur fimmtudaginn 21. janúar kl. 16.00 í Brimveri.

Fundi slitið kl. 17.00

Sædís Ósk Harðardóttir

Upplýsingar

[Nýársfréttabréf fræðsluviðs](#)

[Gjaldskrá leikskóla í Árborg](#)

[Börn og tónlist](#)

[Tákn með tali](#)